



24. júní 2010

**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU,
REYKJAVÍK 24. JÚNÍ 2010**

FRÉTTATILKYNNING

Sumarfundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) með ráðherrum aðildarríkjanna fór fram í Reykjavík hinn 24. júní 2010 undir forsæti Össurar Skarphéðinssonar, utanríkisráðherra. Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra (Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss) undirrituðu ásamt Konstantin Gryshchenko, utanríkisráðherra Úkraínu, nýjan fríverslunarsamning sem gerður hefur verið við það ríki.

50 ára afmæli

Ráðherrarnir létu nokkur orð falla um 50 ára afmæli EFTA og létu þess getið að stofnsamningur samtakanna hefði öðlast gildi 3. maí 1960. Með stofnun EFTA var tekið mikilvægt skref í átt að efnahagslegum samruna Evrópuríkja.

Ráðherrarnir tóku sérstaklega fram að EFTA hefði verið ein helsta forsenda óslitinnar uppbyggingar efnahagskerfisins í aðildarríkjunum á grundvelli samkeppni og utanríkisviðskipta og greiðs og fyrirsjáanlegs aðgangs að erlendum mörkuðum um allan heim. Allt frá fyrstu árum efnahagssamstarfs á meginlandi Evrópu til núverandi fríverslunarsambanda, sem ná um allan heim, hefur EFTA unnið að því með góðum árangri að skapa fyrirtækjum í aðildarríkjunum tækifæri og ýta undir hagvöxt á grundvelli viðskipta.

Efnahagsástand á heimsvísu

Ráðherrarnir létu þess getið að efnahagsástand í heiminum sýndi nú batamerki og lýstu ánægju með að milliríkjaviðskipti hefðu aftur farið vaxandi á fyrra helmingi ársins 2010. Þeir sögðu aftur á móti áhyggjuefni hvaða áhrif mikil skuldsetning ríkja á evrusvæðinu gæti haft og lýstu þeirri von að stefnumarkandi ákvarðanir, sem teknar hefðu verið í því tilliti, myndu auka efnahagslegan og fjárhagslegan stöðugleika. Þá sögðu ráðherrarnir afar nauðsynlegt að vinna áfram gegn verndarstefnu til þess að takast mætti að viðhalda efnahagsbatanum sem nú er kominn af stað. Þeir ítrekuðu afdráttarlausan stuðning sinn við starfið sem unnið er í tengslum við svonefndar Doha-viðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og sögðust staðráðnir í að vinna áfram að því að ljúka þeim viðræðum.

Ívilnandi viðskiptasambönd

Ráðherrarnir staðfestu að vel gengi að framkvæma EFTA-sáttmálann, en hann hefur að geyma ákvæði um viðskipti milli aðildarríkjanna fjögurra. Þeir lýstu ánægju með þann yfirgripsmikla fríverslunarsamning sem nú hefur verið gerður við **Úkraínu** og bætist við



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

sívaðandi safn ívilnandi viðskiptasambanda EFTA-ríkjanna. EFTA hefur nú gert 21 fríverslunarsamning við 30 samstarfsríki utan Evrópusambandsins.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með lok viðræðna um fríverslunarsamning við stjórnvöld í **Perú** og sögðust vænta þess að sá samningur yrði undirritaður sem allra fyrst.

Ráðherrarnir ræddu yfirstandandi viðræður við **Indverja** um fríverslunarsamning á breiðum grunni. Þeir fjölluðu um stöðu viðræðna við stjórnvöld í **Hong Kong** um víðtækan samning og sammæltust um það markmið að ljúka þeim viðræðum fyrir lok þessa árs.

Ráðherrarnir minntust á vinnu sem nú stendur yfir til undirbúnings fríverslunarviðræðum við **Rússa** og tekur mið af tollabandalaginu sem komið hefur verið á milli Rússlands, **Hvítarússlands** og **Kasakstans**. Þeir létu þess ennfremur getið að þeir væru reiðubúnir að hefja viðræður um fríverslun við stjórnvöld í **Bosníu-Hersegóvínu** og **Svartfjallalandi**.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að komið hefði verið á fót sameiginlegum vinnuhópi með stjórnvöldum í **Víetnam** til að kanna grundvöll fyrir fríverslunarsamningi. Þeir staðfestu vilja sinn til að hefja viðræður við **Indónesa** sem fyrst. Þá lýstu ráðherrarnir ánægju með að lokið væri gerð sameiginlegra yfirlýsinga um samstarf við stjórnvöld í **Malasíu** og **Panama** og sögðust vænta þess að þær yrðu undirritaðar fljótlega. Ráðherrarnir komu sér saman um að athuga alla kosti á nánari viðskiptasamböndum við lönd í Mið-Ameríku. Auk þess hyggjast þeir fylgjast með málsframvindu í **Alsír** og **Taílandi** með það markmið í huga að hefja aftur viðræður við stjórnvöld í þeim ríkjum.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með sameiginlega lokaskýrslu sem unnin var í vinnuhópum EFTA-ríkjanna um viðskipti og umhverfi annars vegar og reglur á sviði vinnumála í fríverslunarsamningum EFTA hins vegar, og þá sérstaklega tillögurnar um staðalákvæði í þessum efnum. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi þessara stefnumála og framlags EFTA-ríkjanna til framþróunar á þessu sviði á alþjóðavettvangi.

Samstarf við Evrópusambandið

Ráðherrar þeirra EFTA-ríkja, sem eiga aðild að EES, ræddu almenna framkvæmd EES-samningsins, með sérstakri áherslu á yfirstandandi efnahagskreppu, og sögðu að sérstök nauðsyn væri á samhæfðum og yfirgripsmiklum aðgerðum, einkum á vettvangi Evrópuríkja. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld í einstökum EFTA-ríkjum, sem ættu aðild að EES, öðluðust fullnægjandi aðild að hinu nýja fjármálaeftirlitskerfi til jafns við aðildarríki Evrópusambandsins.

Ráðherrarnir fjölluðu um gildistöku Lissabon-sáttmálans og sögðu sérstaklega mikilvægt að tryggja að vel tækist til við framkvæmd EES-samningsins í þessu nýja lagaumhverfi.

Að því er varðar á Evrópska efnahagssvæðinu tiltóku ráðherrarnir sérstaklega áætlunina „Evrópa 2020“ og sögðust vona að hún gæti orðið aflvaki hagvaxtar í Evrópu á næstu tíu árum. Ráðherrarnir lýstu ánægju með skýrsluna sem kennd er við Mario Monti og ber fyrisögnina „Ný stefnumörkun fyrir sameiginlega markaðinn“, en í henni er einkum



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

fjallað um leiðir til að styrkja sameiginlega markaðinn og bæta framkvæmd hans; hér er um að ræða málefni sem varðar beint EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES.

Ráðherrarnir létu getið með ánægju ýmissa lagagerninga sem felldir hafa verið inn í EES-samninginn, meðal annars þjónustutillskipunarinnar, lagabálks um lyfjavörur og Galileo-áætlunarinnar.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með hversu farsællega hefði gengið að afgreiða skuldbindingar til úthlutunar úr Þróunarsjóði EES og Þróunarsjóði Norðmanna fyrir tímabilið 2004–2009. Um miðjan maí 2010 nutu alls 1 190 verkefni styrkja úr þróunarsjóði EES og þróunarsjóði Norðmanna. Þá sögðu ráðherrarnir ánægjulegt að lokið væri samningum um fjárframlög fyrir árin 2009–2014, en á því tímabili verða ár hvert til ráðstöfunar 197,7 millj. evra í Þróunarsjóði EES og 160 millj. evra í Þróunarsjóði Norðmanna.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með nýstofnaðan samræðuvettvang kjörinna fulltrúa í sveitar- og héraðsstjórnnum EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES, en fyrsti fundur hans var haldinn í Reykjavík dagana 22.–23. júní og voru þá tilnefndir fulltrúar og kjörinn formaður og varaformaður.

Fulltrúar frá Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum sátu fundinn.

Ráðgjafarstofnanir

Ráðherrarnir héldu fund með tveimur af ráðgjafarstofnunum EFTA sem taka virkan þátt í starfi samtakanna: þingmannanefndinni og ráðgjafarnefndinni, sem er fulltrúi aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum. Þeir áttu gagnleg skoðanaskipti við nefndarmenn um ýmis málefni, meðal annars nýlega framvindu mála í samskiptum EFTA-ríkjanna við ríki utan EES og síðustu atburði í samskiptum Sviss og Evrópusambandsins.

Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:

Ísland: Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra (stýrði fundi)

Liechtenstein: Aurelia Frick, utanríkisráðherra

Noregur: Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra

Sviss: Doris Leuthard, forseti Sambandsríkisins Sviss, yfirmaður efnahagsráðu-neytis sambandsríkisins
